

***Gjaldskrá
HS Orku hf
Almennir skilmálar***



**Nr. 1
1. janúar 2011**

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-------------|------|---|
| Almennt | bls. | 2 |
| Raforkusala | bls. | 2 |
| Ýmis ákvæði | bls. | 4 |

SKAMMSTAFANIR

| Tákn | Eining | Skýring |
|-----------|---------------|-------------------------|
| VSK | | virðisaukaskattur |
| veita | | mælir til sölumælingar |
| kW | kílóvatt | afl |
| kWh | kílóvattstund | orka |
| kW/ár | kílóvattár | orka |
| kr/kWh | verð | krónur á hverja einingu |
| kr/kW/ár | verð | krónur á hverja einingu |
| kr/skipti | verð | krónur á hverja aðgerð |
| kr/mán | verð | krónur á tímabil |
| kr/ár | verð | krónur á tímabil |

SKILGREININGAR

| | |
|---------------|--|
| Notandi: | Viðskiptamaður, sem kaupir raforku. |
| Orkukaupandi: | Viðskiptamaður, sem kaupir raforku. |
| Orka: | Raforka. |
| Veita: | Rafkerfi tengt einum mæli. |
| Ársnotkun: | Fjöldi kWh, sem notað er á einu ári (365 dögum). |
| Afltoppur: | Mesta mældu afl (kW) á ákveðnu tímabili. |

1. gr. ALMENNT

Gjaldskrá þessi gildir fyrir raforkusölu HS Orku hf. (HS) óháð staðsetningu viðskiptavinar.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

Almennir skilmálar fjalla um orkusölu HS. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkusölu, auk annarra ákvæða.

Sér gjaldskrár sýna gildandi raforkusöluverð svo og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr. RAFORKUSALA.

2.1 ALMENN RAFORKUSALA.

Almennir taxtar bera aðeins orkugjald

- Orkugjaldið (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu í beinu hlutfalli við orkunotkun.

AS1 Almenn notkun bundin tveggja ára samningi

- Taxti AS1 gildir fyrir alla almenna notkun sem samið er um til að minnsta kosti tveggja ár og ekki er sérstaklega talin hér á eftir.

AS2 Almenn notkun

- Taxti AS2 gildir fyrir alla almenna notkun sem ekki er sérstaklega talin hér á eftir.

AS3 Blönduð notkun

- Taxti AS3 gildir fyrir rafmagnsnotkun í sumarhúsum, sumarhúsum og í tilfellum þar sem blönduð notkun á sér stað af sérstökum ástæðum.

AS4 Tvígjaldsmæling

- Taxti AS4 gildir til dæmis fyrir sérmælda rafmagnsnotkun til brauðgerða og er tímaháður. Verðþrep 1 gildir frá kl. 21.00 til kl. 08.00 og verðþrep 2 frá kl. 08.00 til kl. 21.00

AGS Orkumæld gatnalýsing

- Taxti AGS gildir fyrir sérmælda rafmagnsnotkun til gatnalýsingar.

POS Þrígjaldsmæling

- Taxti POS gildir fyrir sérmælda rafmagnsnotkun, tímaháður með þremur gjaldþrepum.
- Verðþrep 1 gildir allan sólarhringinn í apríl til og með september og frá kl. 21.00 til kl. 09.00 í október til og með mars.
- Verðþrep 2 gildir frá kl. 13.00 til kl. 17.00 í nóvember til og með febrúar og kl. 09.00 til 21.00 í október og mars. Verðþrep 2 gildir einnig frá kl. 09.00 til 21.00 á frídögum í nóvember til og með febrúar.
- Verðþrep 3 gildir á virkum dögum kl. 09.00 til 13.00 og 17.00 til 21.00 í nóvember til og með febrúar. Aðfangadagur og gamlaársdagur eru með þrískipt verð þó svo að þeir lendi á helgi.

2.2 AFL OG ORKUSALA.

Afltaxti skiptist í tvo þætti, aflgjald og orkugjald.

BS1 Afltaxti

- Taxti BS1 gildir fyrir rafmagn til stærri notenda að lágmarki 30 kW.

Notandi með aflmælda orkunotkun greiðir mismunandi verð á orkueiningu fyrir sumar- og vetrarnotkun. Vetrarorkuverð gildir á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl og sumarorkuverð á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.

2.3 ÚTI- OG GÖTULÝSING.

GS1, GS4, GS5 og GS6 Rofin gatnalýsing

- Þessir taxtar gilda fyrir rafmagn til úti- og götulýsingar samkvæmt uppsettu afli. Auk afkkostnaðar greiðir viðskiptavinur stofnkostnað.

GS7 Órofin aflreiknuð notkun

- Þessi taxti gildir fyrir rafmagn fyrir umferðaljós, ljósaskilti, magnara og spenna fyrir fjarskiptakerfi o.fl. samkvæmt uppsettu afli. Auk afkkostnaðar greiðir viðskiptavinur stofnkostnað.

2.4 HÚSHITUN.

Hitunartaxtar fela í sér gjalddöku fyrir orku, það er orkugjald

HS1a Almenn húshitun

- Þessi taxti gildir fyrir alla sérmælda húshitun.

S15 og S85 Blönduð notkun

- Þessi taxti er fyrir blandaða notkun um einn mæli þar sem 85% orkunnar er áætluð sem húshitun og ber 7% vsk meðan 15% orkunnar bera 25,5% vsk.

2.5 ÓTRYGGÐ ORKUSALA.

Taxtar fyrir ótryggða orku fela í sér gjalddöku fyrir orku, það er orkugjald.

Afhending ótryggðrar orku er í dag háð samningi við Landsvirkjun og Landsnet.

3. gr. ÝMIS ÁKVÆÐI

3.1 ÞJÓNUSTUGJÖLD

- Vanskilatilkynningar, áminningarbréf og lokunartilkynningar bera sérstakt gjald.
- Heimilt er að veita afslátt greiði viðskiptavinur með bein- eða boðgreiðslum.

3.2 INNHEIMTA-VANSKIL

- Hjá viðskiptavinum á almennum taxta er að jafnaði lesið á mæla einu sinni á ári. Hjá stærri viðskiptavinum er yfirleitt lesið oftar. Þessir álestrar eru innifaldir í fastagjaldi viðkomandi dreifiveitu.
- Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.
- Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má krefja mánaðarlega.
- Gjaldldagi orkureiknings er við framvísun hans eða tilkynningar um reikningsupphæð. Reikning ber gjaldanda að greiða þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.
- Sé heimild notuð til að stöðva orkuafhendingu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald fyrir að afhending hefjist að nýju.
- Ákvörðun um að stöðva orkuafhendingu ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur hverju sinni.
- Eftirlitsmanni veitufyrirtækis skal hvenær sem er vera frjálts aðgangur að öllum mælitækjum og búnaði sem tengir húsveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun.

3.3 VIRÐISAUKASKATTUR

- Virðisaukaskattur, 25,5%, bætist við öll raforkugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun þar sem virðisaukaskatturinn er 7%.
- Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sér gjaldskrá.

3.4 ORKUSKATTUR

- Orkuskattur, 0,12 kr/kWh, bætist við öll raforkugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.
- Ofan á orkuskattinn leggst 25,5% virðisaukaskattur fyrir almenna notkun og 7% fyrir rafhitun